

Alþingi

Erindi nr. B117 / 474

Komudagur 18 / 12 1993

Á 32. grein verði þessar breytingar:

- a. Í stað orðsins „tvö“ í 1. málsl. kemur: þrjú.
- b. Við greinina bætist bráðabirgðaákvæði sem verði númer III svohljóðandi.

III.

Heimilt skal þeim sem hafa með höndum útleigu á hótél og gistiherbergjum/að gera leiðréttingu á innskatti vegna fjárfestingar í fasteignum og búnaði í gistirými, sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. janúar 1994. Leiðréttingin skal ákveðin sem hlutfall af eignfærðri nýfjárfestingu á árunum 1990 til 1993, sem innskattur hefur verið greiddur af. Hlutfall þetta skal vera 8% af fjárfestingu á árinu 1990, 11% af fjárfestingu á árinu 1991, 14% af fjárfestingu á árinu 1992 og 17% af fjárfestingu á árinu 1993.

Framangreind leiðrétting á innskatti skal gerð með jöfnum fjárhæðum á árunum 1994, 1995 og 1996. Leiðrétting þessi skal þó eigi vera hærri en 6% af skattskyldri veltu á þessum árum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.